



Björn Leví Gunnarsson alþpm. og
Þórhildur Sunna Ævarsdóttir alþpm.

Reykjavík, 25. mars 2019

Forsætisnefnd vísar til fyrri bréfaskipta í tilefni af erindi Ásmundar Friðrikssonar alþpm. um meint brot ykkar á siðareglum fyrir alþingismenn með ummælum sem þið hafið látið falla á opinberum vettvangi um hann og nánar er lýst í erindi Ásmundar. Forsætisnefnd hefur kynnt sér greinargerð ykkar frá 25. febrúar sl. Lítur nefndin svo á að ekki sé ágreiningur um málsatvik. Í greinargerð ykkar er þess jafnframt krafist að málið verði lagt fyrir siðanefnd skv. 16. gr. siðareglna fyrir alþingismenn, sbr. 3. mgr. 8. gr. reglna um meðferð erinda og málsmeðferð samkvæmt siðareglum fyrir alþingismenn (málsmeðferðarreglur).

Með vísan til 1. mgr. 8. gr. málsmeðferðarreglna liggur jafnframt fyrir forsætisnefnd á grundvelli fyrirliggjandi gagna að afmarka nánar þá háttsemi sem þið eruð sökuð um og með hvaða hætti hún getur talist fela í sér brot á meginreglum um hátterni og hátternisskyldur alþingismann. Eins og áður segir verður ekki séð að ágreiningur sé um annars vegar ummæli Þórhildar Sunnu í umræðuþættinum Silfrinu 25. febrúar 2018 og sama dag á Facebook síðu hennar og hins vegar ummæli Björns Leví á Facebook síðu hans 29. október og 9., 12. og 26. nóvember sl. Þykir því mega leggja til grundvallar þessar staðreyndir í málinu. Jafnframt ber forsætisnefnd að lýsa því hvaða ákvæði siðareglna eiga við um grundvöll málsins eins og nánar greinir í ákvæðinu og leita skýringa ykkar samkvæmt því áður en hún lýkur málinu. Að mati forsætisnefndar kemur til álita hvort ummæli ykkar geti varðað við a- og c-lið 5. gr. og 7. gr. siðareglna fyrir alþingismenn:

5. gr.

Alþingismenn skulu sem þjóðkjörnir fulltrúar:

a. rækja störf sín af ábyrgð, heilindum og heiðarleika,

...

c. ekki kasta rýrð á Alþingi eða skaða ímynd þess með framkomu sinni,

...

7. gr.

Þingmenn skulu í öllu hátterni sínu sýna Alþingi, stöðu þess og störfum virðingu.

F O R S E T I A L Þ I N G I S



Við nánari afmörkun á grundvelli málsins ber jafnframt að líta til þess að siðareglur fyrir alþingismenn fela í sér viðmið um hátterni þeirra sem þjóðkjörinna fulltrúa. Er tilgangur þeirra m.a. að efla ábyrgðarskyldu alþingismanna, svo og tiltrú og traust almennings á Alþingi, sbr. 1. gr. siðareglunnar. Er siðareglunum ætlað að standa vörð um þessi siðferðilegu verðmæti og hvetja þingmenn til góðra verka. Á þessum grundvelli eru í siðareglunum settar fram meginreglur um hátterni og hátternisskyldur alþingismanna. Í framkvæmd hefur verið litið svo á að þingmenn njóti ríkrar verndar til þáttöku í opinni og frjálsri stjórnmálaumrædu í lýðræðisþjóðfélagi, eins og nánar er rakið í erindi ykkar. Siðareglur fyrir alþingismenn geta aftur á móti sett tjáningu alþingismanna skorður þegar kemur að því að meta hvernig tjáningu er komið á framfæri og við hvaða aðstæður það er gert. Í þessu samhengi er einnig rétt að taka fram að siðareglurnar og málsmeðferðarreglur gera ekki ráð fyrir því að forsætisnefnd fjalli um eða skeri úr um sannleiksgildi þeirra ummæla sem eftir ykkur eru höfð.

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið er það til skoðunar af hálfu forsætisnefndar hvort þau ummæli sem vísað er til í erindi Ásmundar geti talist brot á ákvæðum a- og c-lið 5. gr. og 7. gr. siðareglna fyrir alþingismenn. Við þá skoðun mun forsætisnefnd í samræmi við kröfur ykkar þar um leita ráðgefandi álits siðanefndar á málinu.

Ef þið hafið athugasemdir við grundvöll málsins eins og honum er lýst hér að framan er þess óskað að athugasemdir ykkar berist forsætisnefnd fyrir kl. 16 29. mars nk. Að þeim tíma liðnum hyggst forsætisnefnd afla álits siðanefndar á því hvort þið hafið með ummælum ykkar brotið hátternisskyldur ykkar og meginreglur um hátterni eins og að framan er lýst.

F O R S E T I A L Þ I N G I S